

Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 2002

Við kosningarnar 1998 var fjöldi sveitarfélaga 124 en þau eru nú 105. Sameining hefur því leitt af sér fækkun sveitarfélaga um 19 á kjörtímabilinu, en þeim fækkaði um 47 kjörtímabilið 1994-1998. Hlutbundin kosning var í 64 sveitarfélögum árið 1998 en í 66 sveitarfélögum árið 2002. Sjálfkjörið var í sjö sveitarstjórnir, í Aðaldælahreppi, Borgarfjarðarsveit, Breiðdalshreppi, Höfðahreppi, Hörgárbyggð, Raufarhafnarhreppi og í Tjörneshreppi. Kjörnir aðalmenn við kosningarnar 1998 voru 756 en þeir eru nú 657 og hefur því fækkað um 99.

Konur í sveitarstjórnnum eru nú 205 en karlar eru 452, en við kosningarnar 1998 voru 213 konur kjörnar í sveitarstjórnir en karlar voru 543.

Á kjörskrá voru 203.119 og nýttu 168.657 atkvæðisrétt sinn eða 83,0% kosningabærra manna. Mest var kjörsókn í Mjóafjarðarhreppi en þar tóku allir atkvæðisbærir menn í sveitarfélaginu þátt í kosningunni. Minnst kosningabátttaka var í Borgarfjarðarhreppi þar sem 71 af 120 greiddi atkvæði eða 59,2%. Í báðum þessum sveitarfélögum fór fram óhlutbundin kosning. Í þeim sveitarfélögum þar sem hlutbundin kosning fór fram var kjörsókn mest í Kjósarhreppi 95,1% en minnst í Seltjarnarneskaupstað 75,6%.

Skipting kjörinna fulltrúa eftir kosningahætti og flokkum

Í sveitarstjórnarkosningunum 2002, eins og öðrum sveitarstjórnarkosningum, hefur framboðum stjórnmalaflokka verið hagað með margbreytilegum hætti. Allir flokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi buðu fram til sveitarstjórna, ýmist sjálfstætt eða í samstarfi við aðra. Sjálfstæðisflokkurinn bauð fram lista í flestum sveitarfélögum, eða 37, Framsóknarflokkurinn bauð fram í 30 sveitarfélögum, Samfylkingin í 10, Vinstri hreyfingin grænt framboð í 8 og Frjálslyndi flokkurinn bauð fram lista í 3 sveitarfélögum.

Framboðslistar í sveitarfélögum voru frá einum til sex, þar sem þeir voru flestir, þ.e. í Reykjavík og Ísafjarðarbæ. Heildarfjöldi framboðslista á árinu 2002 var 182 en þeir voru 187 í kosningunum árið 1998. Af þeim 466 fulltrúum sem kjörnir voru hlutbundinni kosningu voru 37 sjálfkjörnir, þ.e. aðeins einn listi kom fram í viðkomandi sveitarfélagi.

Kjörnir fulltrúar skiptast þannig eftir kosningaformi:

	1978	1982	1986	1990	1994	1998	2002
Hlutbundin kosning	474	533	518	516	518	462	466
Óhlutbundin kosning	698	659	662	600	463	294	191
Kjörnir fulltrúar alls	1.172	1.192	1.180	1.116	981	756	657

Skipting kjörinna fulltrúa eftir kyni

Alls voru 2.714 einstaklingar í framboði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar, sem er um 1,4% atkvæðisbærra manna. Karlar voru 59% þeirra sem voru í framboði en konur 41%. Við kosningarnar árið 1998 voru karlar 62% en konur 38%. Ef aðeins er litið til þriggja efstu sæta á framboðslistum kemur í ljós að karlar voru í 80% tilvika í fyrsta sæti, í 58% tilvika í öðru sæti og í 63% tilvika í þriðja sæti á lista.

Fjöldi kvenna í sveitarstjórnnum er nú minni en hann var 1998, hins vegar hefur hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum aukist en konur eru nú ríflega 31% kjörinna sveitarstjórnarmanna en þær voru 28% eftir kosningarnar 1998.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda kvenna í sveitarstjórnnum, hlutfall þeirra af heildarfulltrúafjölda og fjölda sveitarfélaga þar sem konur eiga engan fulltrúa í sveitarstjórn:

<i>Kosningar</i>	<i>Fjöldi kvenna</i>	<i>Hlutfall af heildarfulltrfj.</i>	<i>Fjöldi svstj. þar sem er engin kona</i>
1982	148	12,4%	113
1986	225	19,2%	81
1990	243	21,8%	58
1994	243	24,8%	32
1998	213	28,2%	15
2002	205	31,2%	9

Konur eru í meirihluta í 10 sveitarstjórnnum en árið 1998 voru konur í meirihluta átta sveitarstjórna. Í níu sveitarfélögum er engin kona aðalmaður í sveitarstjórn. Hlutfallslega fæstar konur voru í framboði á Austurlandi en mest þátttaka kvenna var á höfuðborgarsvæðinu.

Sveitarstjórnir flokkaðar eftir tölu kjörinna fulltrúa

Í töflunni hér á eftir er sýndur fulltrúafjöldi karla og kvenna eftir fjölda fulltrúa í sveitarstjórn. Samanburður er við niðurstöður kosninganna 1998.

	<i>Íbúafjöldi</i>	<i>Sveitarfélög</i>		<i>Karlar</i>		<i>Konur</i>		<i>Samtals</i>	
	<i>1. des 2001</i>	<i>1998</i>	<i>2002</i>	<i>1998</i>	<i>2002</i>	<i>1998</i>	<i>2002</i>	<i>1998</i>	<i>2002</i>
15 fulltrúar	112.268	1	1	9	9	6	6	15	15
11 fulltrúar	71.028	7	4	48	26	29	18	77	44
9 fulltrúar	32.959	9	10	49	64	32	26	81	90
7 fulltrúar	56.174	28	31	136	141	60	76	196	217
5 fulltrúar	13.695	75	57	293	208	82	77	375	285
3 fulltrúar	126	4	2	8	4	4	2	12	6
	286.250	124	105	543	452	213	205	756	657

Meðalaldur kjörinna fulltrúa

Meðalaldur kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum er 45 ár. Elsti sveitarstjórnarmaðurinn er 74 ára en sá yngsti er 21 árs. Í meðfylgjandi töflu má sjá aldursdreifingu sveitarstjórnarmanna eftir kjördæmum.

	Reykjavík	Höfuðbsv.	Reykjan.	Vesturl.	Vestf.	Nland v.	Nland e.	Austurl	Suðurl.
Elsti	58	63	59	74	70	72	63	67	65
Yngsti	30	26	30	25	27	29	28	23	21
Meðalaldur	44	46	43	46	46	45	43	45	44